

Stjórnarfundur LH 10. desember 2004

2. fundur

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru stjórnarmennirnir; Jón Albert Sigurbjörnsson, Haraldur Þórarinnsson, Sigfús Helgason, Sigurður Emil Ævarsson og Einar Ragnarsson og úr varastjórn Halldór Halldórsson, Sigurður Sveinbjörnsson, María Þórarinsdóttir og Sigrún Valdimarsdóttir. Aðrir boðuðu forföll. Fundurinn var haldinn á skrifstofu LH í Laugardal. Eftirfarandi var bókað.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar yfirfarinn samþykkt.

2. Skipan í nefndir LH – framhald

Aganefnd. Enn á eftir að ganga frá skipan í nefndina.

Dómaranefnd. Enn á eftir að ganga frá skipan í nefndina.

Ferða- og samgöngunefnd. Það vantar tilnefningu frá mörgum félögum í nefndina en hún skipar sig sjálf þegar upplýsingar um fulltrúa hafa borist og umdæmin fundað.

Kynbótanefnd. Tillögur komu um menn í kynbótanefnd; Hannes Hjartarson, Vilberg Skúlason og Jóhann Þorsteinsson.

Menntanefnd. Jafnvel þarf að hugsa hana upp á nýtt og Harald falið að koma með hugmynd á næsta stjórnarfund. Áhersla skal lögð á að fá fólk sem hefur þekkingu á skólakerfinu og menntunarmálum almennt.

3. Bréf frá Tone Kolnes

Jón Albert kynnt bréfaskriftir milli þeirra Tone Kolnes forseta FEIF og fyrirhugaðan FEIF fund í Kaupmannahöfn í febrúar. Þar funda nefndir FEIF og einnig verður formannafundur á sama tíma. Nauðsynlegt að LH sendi sína fulltrúa á fundinn.

4. Bréf frá Júlíusi Brjánssyni

Borist hefur kvörtunarbréf frá Júlíusi Brjánssyni varðandi skipan í nefnd um val á hestaíþróttamönnum ársins og svar LH. Nauðsynlegt að móta skýrara reglur um þetta fyrir næsta starfsár. Einari falið að móta þær.

5. Hestaíþróttir í menntakerfinu

Haraldur lýsti verkefninu og lagði fram styrkbeiðni frá undirbúningshópnum til Átaks í hestamennsku. Verkefnið er gott og menn sammála um að leggja áherslu og krafta í málið. Nokkur umræða varð um menntunarmál almennt og kom m.a. fram að knapamerkjakerfið virðist ganga illa upp til kennslu, sem er dapurlegt þegar horft er til þess að miklir fjármunir liggja í kerfinu.

6. Minnisblað frá Jóni Alberti um mótahald

Vandamál varðandi Íslandsmótin hafa leyst farsælega vegna mikils velvilja hestamannafélagsins Andvara og staðfestar dagsetningar komnar.

Í minnisblaði Jóns kemur m.a. fram að fyrir mörgum árum var á vegum LH (og síðar HÍS) svokölluð mótanefnd. Var henni ætlað að raða mótum niður. Þessi vinna lagðist af vegna þess að nær útilokað var að fá félög til að færa mótin til, eftir að þau höfðu verið ákveðin af stjórnnum félaganna.

- Stjórn LH hefur ekki vald til að breyta dagsetningum móta hjá félögum.
- Ætla má að það sé útilokað að hafa afskipti af dagsetningum móta.

- Landsmót hestamanna og Íslandsmót barna og fullorðinna verða að hafa forgang
- Hvað með fjórðungsmót?
- Ístölt, sem er nýtt. Hvað með það?
- Hvað með Æskan og hesturinn?

Við verðum að ákveða okkar föstu skylduatburði með mjög löngum fyrirvara með því m.a. að:

- Helst að fastsetja helgi fyrir Landsmót.
- Ákveða dagsetningar Íslandsmóta með 2ja ára fyrirvara.
- Æskan og hesturinn og Ístölt með minnst árs fyrirvara.

Byggja þarf reglugerð í kringum minnisblaðið og Jóni falið að vinna áfram í málinu.

7. Þróunarverkefni í hrossarækt og hestamennsku

Jón kynnti málið og lagði fram hugmyndir að óskum LH fyrir þátttöku. Ákveðið að óska eftir fundi með landbúnaðarráðherra til að ræða frekari framvinndu málsins. Minnisblað.

8. Fundur með samgöngunefnd Alþingis

Halldór sagði frá fundi með samgöngunefnd Alþingis. Á fundinn mættu fyrir LH Halldór, Jón Albert og Sigríður Sigþórsdóttir. Fram kom að formaður samgöngunefndar, Guðmundur Hallvarðsson, virtist hafa kynnt sér málefni vel en undirtektir voru dræmar við auknu fjármagni til reiðvegagerðar.

9. Ráðstefna FEIF í Kaupmannahöfn í febrúar

Rætt var um hverjir verði að fara, s.s. fulltrúar LH í nefndum FEIF (3) og formenn keppnisnefndar og æskulýðsnefndar LH. Einnig verður formannafundur, fundur sportfulltrúa norðurlanda og kynning á Youth CAMP sem LH heldur í sumar. Jón Albert gerir kostnaðaráætlun fyrir næst fund en ljóst er að 7-8 manns fer á vegum LH á fundinn.

10. Skipulagsmál og breytingar á rekstri LH

Jón Albert hefur verið að skoða möguleikann á að fjármagna breytingar á rekstri LH og velti upp hugmyndum í því sambandi sem fundarmenn ræddu. Kostnaðaraukinn við að reka skrifstofu LH alfarið ein er um 2.600.000,-. Þetta er mál sem þarf að skoða áfram og allir stjórnarmenn athugi.

11. Önnur mál

- a) Þjálfara- og kennararáðstefna FEIF verður í janúar og fyrir hönd LH fer Herdís Reynisdóttir. Öðrum er frjálst að mæta, þ.e. að uppfylltum menntunarskilyrðum hvers lands. Ráðstefnukostnaður greiðist af þátttakendum sjálfum.
- b) Skýrsla umboðsmanns íslenska hestsins. Jón Albert fór yfir hluti í skýrslunni sem hann taldi vert fyrir LH að skoða alvarlega. Haraldur taldi rétt að bregðast strax við henni með fyrirspurnum og jafnvel athugasemdum. Samþykkt að stjórnarmenn lesi yfir skýrsluna og mótmæli harðlega augljósum staðreyndarvillum hennar.

*Fleira ekki fært til bókar
Einar Ragnarsson, fundarritari*